

**Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra veitir Viðurkenningu
Umferðarráðs „Umferðarljósið” lögreglunni á Blönduósi**

„Umferðarljósið” er verðlaunagripur Umferðarráðs sem veittur er nú í sjöunda sinn. Verðlaunin eru veitt þeim aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun sem þykir hafa unnið sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála.

Í ár er það lögreglan á Blönduósi sem hlýtur „Umferðarljósið” og eru bæði embættið og starfsmenn þess vel að viðurkenningunni komin. Er ég viss um að þingheimur er mér algjörlega sammála í því efni.

Lögreglan á Blönduósi hefur kennt okkur að aka skikkanlega og fara að lögum – í það minnsta í umdæmi sínu. Ég er þess raunar fullviss að það sem hún hefur innprentað okkur situr í okkur þegar við ökum um aðra landshluta. En þetta hefur ekki gerst á einum degi. Upphafið má rekja til þeirrar ákvörðunar Jóns Ísbergs, fyrrverandi sýslumanns á Blönduósi, að skera upp herör gegn umferðarslysum í Húnaþingi. Þetta var á miðjum áttunda áratug síðustu aldar en þá höfðu orðið nokkur alvarleg umferðarslys í umdæminu sem mátti rekja til aukins hraðaksturs. Jón Ísberg lagði fyrir lögreglumenn sína að beina spjótum sínum sérstaklega að hraðakstri. Var eftirlit með

umferðarhraða stórlega hert en í engu slakað á öðrum þáttum löggæslunnar þótt ráðist væri í þetta átak.

Átak lögreglunnar á Blönduósi hefur staðið sleitulaust síðan. Fullyrða má að með þessu öfluga umferðareftirliti hefur fjölda alvarlegra umferðarslysa verið haldið niðri en bæði er umdæmið stórt og umferðarþungi mikill.

Sem dæmi um framgöngu lögreglunnar á Blönduósi get ég nefnt að árið 1998 var hlutfall sektarboða þar miðað við allt landið 3,7% en í fyrra var það 8,3%. Meðaltal sektarboða á stöðugildi á Blönduósi var 361 í fyrra en 43 þegar hlutfall á stöðugildi yfir landið er skoðað. Ég vil taka sérstaklega fram að hér er ég alls ekki að varpa rýrð á störf í öðrum lögregluumdæmum heldur að sýna fram á að langvarandi öflugt eftirlit hefur áhrif.

Fjöldi sektarboða er ekki aðalatriðið. Lykilatriðið er að vegna hins öflugra eftirlits og vegna þess að lögreglan á Blönduósi er sýnileg vegfarendum þá hefur tekist að hafa stjórn á umferðarhraðanum og draga úr slysum. Það er kjarni málsins.

Ég vil biðja Bjarna Stefánsson, sýslumann á Blönduósi, að koma hingað og taka við við „Umferðarljósinu” og óska honum og mönnum hans til hamingju með farsæl störf í þágu umferðaröryggis okkar allra.



UMFERÐARÞING 2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi sektarboða á Blönduósi	1174	1421	2188	2201	2306	1860	2160	2527
Fjöldi sektarboða á landinu	31381	35974	36750	38182	42194	37785	35719	30409
Hlutfall Blönduóss af heild	3,7%	4,0%	6,0%	5,8%	5,5%	4,9%	6,0%	8,3%
Meðaltal sektarboða á stöðugildi á Blönduósi	168	203	313	314	329	266	309	361
Meðaltal sektarboða á stöðugildi yfir landið	45	51	53	55	60	54	51	43

